

**65. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til lands-
höfðingjans yfir Íslandi, um tekjur prestsekkju.**

1873.

7. ágúst.

Eptir að stjórnarráðinu hefir borizt álit yðar, herra landshöfðingi, með bræfi 7. júní þ. á. um bænarskrá nokkra, þar sem sóknarpresturinn til Presthóla, Stefán Jónsson, áfryjar til stjórnarráðsins úrskurði stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi, dagsettum 19. marzm. 1868, sem ákveður, að ekkja síra Jóns heitins Jónssonar að Grenjaðarstað skuli æfilangt hafa tilkall til $\frac{1}{8}$ parts af afgjaldinu af $\frac{2}{3}$ pörtum í jörðinni Sigríðarstöðum svo sem nokkurs hluta af eptirlaunum hennar, enda þótt fyrnefndur jarðarpartur samkvæmt konungsúrskurði 15. febrúar 1867 sæ tekin frá Grenjaðarstaðar-kalli og lagður til Presthóla, — gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtíð það, að stjórnarráðið reyndar er helzt á því, að vera yður samdóma um, að Presthóla kall skuli greiða ekkju síra Jóns heitins Jónssonar að Grenjaðarstað þann $\frac{1}{8}$ part af ágóðanum af fyrnefndum $\frac{2}{3}$ pörtum í jörðinni Sigríðarstöðum, sem hún á tilkall til, en á hinn bóginn kemur þetta eptir eðli sínu undir úrskurð dómstólanna.

**66. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans
yfir Íslandi, um lækkun á jarðarafgjaldi.**

8. ágúst.

Samkvæmt uppástungu frá umboðsmanni Kirkjubæjar- og Þykkvabæjar klausturs góz, Jóni dannebrogsmanni Jónssyni, hafið þér, herra landshöfðingi, í bræfi 4. júní þetta ár lagt til, að landsetunum á jörðunum Eystri Dalbæ og Uppsölum, sem heyra undir Kirkjubæjar klausturs góz, og á Fagurhlíð, sem er jörð undir Þykkvabæjar klanstur, verði veitt sú lækkun í jarðarafgjaldinu um 3 ár, frá fardögum 1873 til fardaga 1876, sem hér skal getið, sökum þess að jarðir þessar samkvæmt skoðunargjörð hlutaðeiganda hrepp-

1873.

8. ágúst.

stjóra hafa orðið fyrir tjóni af sandfoki:

1. Sigurði Sigurðssyni á Eystri Dalbæ 20 ál.
2. Jóni Jónssyni á Uppsölum 8 —
3. Ólafi Ólafssyni í Fagurhlíð 16 —

er hver alin af öðrum helmingnum eins og sjálf landskuldin talin 8 sk. virði, en af hinum er hvert álnavirði talið eptir meðalverði verðlagsskrárinnar á ull, smjöri og tólgi.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það, að stjórnarráðið eptir atvikum veitir það, sem sókt er um.

8. ágúst.

67. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um fangavörð við hegningarhúsið í Reykjavík.

Í bréfi, dagsettu 12. f. m., hafið þér, herra landshöfðingi, látið í ljósi, að þér værið samdóma stjórnarráðinu um, að sami maðurinn skyldi vera fangavörður, verkstjóri og ráðsmaður við hegningarhúsið á Íslandi, og skýrt frá, að það muni nauðsynlegt, að fá til þessa áreiðanlegan mann, sem sè Íslendingur, og skuli honum gjört að skyldu, áður en hann taki við, að takast á hendur á komanda vetri undirumsjónarmanns þjónustu í einhverju hegningarhúsi í Danmörku, til þess að kynna sèr störf þau, sem hann eigi að taka að sèr, og skuli honum endurgoldinn ferðakostnaðurinn fram og aftur.

Um leið og þér þar að auki hafið mælt með því, að hegningarhúsið sjálft skuli bera kostnaðinn við ráðsmennskuna, hafið þér að endingu stungið uppá, hvernig þá skuli haga launum umsjónarmannsins.

Eptir að stjórnarráðinu hafði borizt þetta álit yðar, mæltumst vèr til, að fá álit fangelsisskrifstofunnar um málið, og er í því álitni sömuleiðis sú skoðun látin í ljósi, að það sè hagfellt, að